**152. löggjafarþing 2021–2022.**
**Þingskjal 406 — 292. mál.**

# Fyrirspurn

**til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra um náttúruminjaskrá.**

Frá Andrési Inga Jónssyni.

1. Hvenær var náttúruminjaskrá síðast gefin út og birt með auglýsingu í Stjórnartíðindum líkt og kveðið er á um í lögum um náttúruvernd að gert skuli á fimm ára fresti?
2. Hvenær var síðasta fimm ára framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár (áður náttúruverndaráætlun) lögð fyrir sem þingsályktunartillaga á Alþingi?
3. Hvar stendur vinna við undirbúning næstu fimm ára framkvæmdaáætlunar náttúruminjaskrár og hvenær má vænta þess að hún verði lögð fram á Alþingi sem tillaga til þingsályktunar?

**Skriflegt svar óskast.**